

## **224. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**5. febrúar 2013, kl. 9:00. Austurvegi 56, 2. hæð.**

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Aðalsteinn Sveinsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

- 1. Kirkjuferjuháleiga – svar til UST um urðun á lífrænum úrgangi.**  
Framkvæmdastjóra falið að senda UST bréf þar sem SOS tilkynnir UST um að ekki verði tekið við lífrænum úrgangi á Kirkjuferjuháleigu og að ekki hafi verið tekið við slíkum úrgangi síðan 1. desember 2009.
- 2. Breyting á viðskiptakjörum.**  
Í úrskurði samkeppniseftirlitsins er SORPU gert að endurskoða gjaldskrá og viðskiptakjör. Þessi ákvörðun mun hafa áhrif á viðskiptakjör SOS. SOS mun í framhaldi senda viðskiptavinum sínum tilkynningu þar sem breyting á viðskiptakjörum er boðuð. Endurskoðuð gjaldskrá er væntanleg um miðjan febrúar 2013.
- 3. Skoðunarferð stjórnar SOS.**  
Framkvæmdastjóra falið að stilla upp dagskrá fyrir skoðunarferð sem stefnt er að 5. mars. Stjórn stefnir að því að heimsækja höfuðstöðvar Sorpu og starfsstöðvar endurvinnslufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.
- 4. Magntölur 2012.**  
Fyrstu tölur um magn úrgangs og endurvinnanlegra efna kynntar.
- 5. Orkugerðin ehf.**  
Málefni Orkugerðarinnar rædd.
- 6. Önnur mál.**  
**T- póstur frá UST 21. janúar 2013.** Lagður fram til kynningar  
**Bréf frá BSI .** Lagt fram til kynningar  
**Eftirlitsskýrsla UST frá 13. nóv 2012.** Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 10:40